

Kynningarkvöld í Fellaskóla

21. september 2021

Unglingastig

Lotuvinnan og aldursblöndun – markmið

- Efla sjálfstæði í vinnubrögðum
- Auka val og sveigjanleika nemenda í námi
- Félagsleg staða nemenda, breiðari nemendahópur
- Jafna bekkjardeildir í lítilli einingu
- Aukin tækifæri til að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir
- Aukið samstarf og teymisvinna kennara
- Betri nýting á starfsfólki

Breytingar frá síðasta vetri

- Síðasti vetur gekk í heildina mjög vel. Við erum þó alltaf að læra og höfum gert nokkrar skipulagsbreytingar sem þörf var á og til að koma til móts við óskir nemenda og foreldra.
- Fleiri innlagnatímar eru fastir á töflu en í fyrra. Er þetta gert til að auðvelda nemendum yfirsýn í hverju fagi.
- Meiri árgangaskipting en áður. Á því eru tvær skýringar, annars vegar til að koma til móts við óskir nemenda. Hins vegar vegna þess að í ár eru færri starfsmenn sem sinna kennslu hjá nemendahópnum þó stöðuhlutföll séu sambærileg.
- Umsjónarhópar skiptast eftir árgöngum; Rannveig er með umsjón í 10. bekk og Sólrún í 8. og 9. bekk. Það auðveldar yfirsýn yfir árganginn og upplýsingagjöf heim.
- Íþróttir og sund eru árgangaskipt.

Lotuvinnan – fyrirkomulag

- Vetrinum er skipt upp í 3 - 4 vikna vinnulotur.
- Nemendur fá verkefnalýsingu af öllum verkefnum lotunnar í upphafi lotutímabils, mismunandi áherslur milli árganga. Loturnar eru einstaklingsmiðaðar. Athugið að lotan er einnig send heim í tölvupósti og við óskum eftir góðu samstarfi við foreldra/forráðamenn að fylgja eftir skiladögum verkefna.

- Verkefnatímar: Nemendur skipuleggja sjálfir hvað þeir vilja vinna og hvernig. Í verkefnatímum mega nemendur fara á milli stofa og geta því leitað til allra kennara. Það opnar á samvinnu og samstarf þvert á árganga.
- Loturnar byggja á hæfniviðmiðum Aðalnámskrár.
- Minni áhersla á hefðbundnar kennslubækur – aukin áhersla á opin verkefni og lausnaleit.
- Nemendur læra að vinna út frá markmiðum.

Námið og námsmat

- Við nýtum okkur office umhverfið til að vinna. Allir nemendur eru með lykilorð þar inn og geta því unnið í helstu office-forritum á netinu hvar og hvenær sem er.
- Áhersla er á leiðsögn í námi. Með því fá nemendur tækifæri til að breyta, bæta og lagfæra verkefni. Áherslan er á vinnuferlið, vinnubrögð og metnað.
- Í lok hverrar lotu meta kennarar stöðu hvers nemanda út frá hæfniviðmiðum. Það er gert inni í Námfús. Þar inni er hægt að sjá hvaða hæfniviðmið eru undir í hverju fagi, hvernig nemandinn stendur og hvaða verkefni voru lögð til grundvallar matinu.
- Allir foreldrar ættu að vera með aðgang að Námfús, mikilvægt að fara reglulega þar inn og fylgjast með námsframvindu og mætingaskráningu.
- Við erum sjálf stöðugt að læra meira á möguleikana sem Námfús býður uppá. Við erum komin lengra en í fyrra og enn í sókn 😊

Breytingar á valinu

- Eins og fram kom í bæklingi sem sendur var heim með öllum og er einnig að finna á heimasíðu skólans eru breytingar á fyrirkomulagi í vali í vetur.
- **Metið val** = Á mánudögum eru tveir „draugatímar“ í vali. Þetta þýðir að búið er að stytta stundatöflu nemenda yfir vikuna sem þessu nemur og nemendur verða að skila inn blaði, undirrituðu af forráðamönnum, í hvað tómskund þeir eru. Nemendur geta fengið metið tónlistarnám, íþróttaiðkun, vinnu, félagsstörf og fleira. Ef einhver er ekki í neinu sem fellur undir metið val þá fær hann verkefni frá skólanum sem hann vinnur heima og jafngildir um það bil tveggja kennslustunda vinnu á viku.
- **Bundið val** = Á miðvikudögum er val á stundaskrá kl 13 – 15. Í þessu vali gefst nemendum kostur á að velja sér viðfangsefni út frá áhuga. Vetrinum er skipt upp í fjögur tímabil og nýtt viðfangsefni valið á hverju tímabili. Nemendur fá kynningu á því hvað er í boði á hverju tímabili og velja út frá því. Ath að nemendur mega einnig gjarnan koma með óskir um viðfangsefni og við skoðum hvort hægt er að verða við því.

- **Nýtt í vetur** = eitt af því sem er í boði á miðvikudögum er að velja val sem kallast lokaverkefni. Allir nemendur þurfa þó að velja það á síðasta tímabilinu í vor. Þeir sem velja þetta geta þarna látið ljós sitt skýna í því sem þeim er hugleikið. Þarna eru tækifærin óendanleg. Langar þig að búa til uppskriftabók, smíða tréhús, gera við snjósleða, fræðast um umhverfismál, mála málverk o.s.frv. o,s.frv. Nemendur þurfa að semja við einhvern fullorðinn um að vera þeirra leiðbeinandi í verkefninu (kennara, foreldra, ömmu og afa o.s.frv) og bera svo hugmyndina undir skólastjóra. Skrá þarf allt vinnuferlið í máli og myndum og skila í lok tímabilsins. Ef tíminn milli kl 13 – 15 hentar ekki fyrir viðfangsefnið geta nemendur verið í fríi á þeim tíma ef leiðbeinandinn þeirra ber ábyrgð á því að þeir skili amk 2 klst vinnu á viku á öðrum tíma. Hér er á ferðinni nýbreytni í vali og tækifærin eru endalaus ☺

Nokkur hagnýt atriði

- **Hádegismatur** = mikið ber á því að nemendur mæta ekki í mat í hádeginu þó þeir séu skráðir. Eins ber mikið á því að nemendur fara út af skólalóðinni á skólatíma. Við biðjum foreldra/forráðamenn að ræða þessi mál við börnin.
- **Rafhlaupahjól og önnur rafknúin tæki** = Við bendum á að nemendum er ekki heimilt að nota rafknúin tæki á skólatíma. Er hér átt við rafhlaupahjól, vespur, skellinöðrur og önnur rafknúin hjól. Nemendur mega koma á þeim í/úr skóla en þess á milli á að leggja þeim á stæðinu við hlið skólans eða bakatil hjá ruslatunnunum. Minnum einnig á mikilvægi hjálma á slíkum tækjum og að ekki er heimilt að vera með farþega á neinum rafknúnum tækjum. Mest ber á því að nemendur sæki í slík tæki í frímínútum og hádegi. Skólinn getur ekki tekið ábyrgð á slíkri notkun og er það því í höndum foreldra/forráðamanna að setja börnum sínum reglur hvað slíkt varðar.
- **Nikótínnotkun** = Af gefnu tilefni viljum við ítreka að öll notkun vímuefna er stranglega bönnuð í og við skólann. Er hér átt við alla notkun áfengis, tóbaks, nikótínþúða, rafretta, munntóbaks og annarra vímuefna. Við bendum á að viðurlög við slíkum brotum er að finna á heimasíðu skólans undir skólareglur.
- **Verkjalyf á skólatíma** = Ef nemendur þurfa á verkjalyfjum að halda á skólatíma eiga þeir að koma með þau að heiman í samráði við foreldra sína/forráðamenn. Í undantekningartilfellum getur nemandi beðið um verkjalyf í skólanum og er þá hringt í foreldra til samþykkis.
- **Leyfi og veikindi** = Foreldrar geta skráð veikindi inni á Námfús eða haft samband við skólann símleiðis eða með tölvupósti. Umsjónarkennari getur gefið nemanda leyfi í einn dag en sé óskað eftir lengra tímabili þarf að hafa samband við skólastjórnenndur. Minnt er á ábyrgð foreldra á að nemendur vinni upp það sem þeir missa úr tímum vegna veikinda, leyfa og tónlistarnáms.
- **Mætingaskráningar** = við hvetjum foreldra til að fylgjast vel með á Námfús. Í vetur ætlum við einnig að senda mætingaskráningar heim mánaðarlega, í lok hvernar lotu.

Á unglíngastígi er sá háttur hafður á að **ekki** er hringt heim á morgnana þó nemandi sé ekki mættur.

Lotumöppur og matsmöppur

- Allir nemendur eru með lotumöppur þar sem þeir geyma öll gögn varðandi lotuna. Þessar upplýsingar eru einnig sendar heim í tölvupósti í upphafi hvernar lotu.
- Allir nemendur eru einnig með matsmöppu sem send er heim reglulega. Í þá möppu fara öll stærri verkefni nemenda, próf og fleira. Foreldrar eru beðnir um að skoða möppuna þegar hún er send heim, kvitta fyrir og sjá til þess að hún skili sér aftur í skólann.